

Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

JÚNÍ 2019

6. tbl. 26. árg.



20.000KR. I. HVELLI!

FINNUR ÞÚ?

Þú gætir unnið 20.000 kr. í einum hveli!

HAPPA PRENNAN

Stemmtíngi að skaf!

S
Systrasamlagið

Erum á Óðinsgötu 1

Afgreiðslutími:
Mán: 9.30-16
Þri-fös: 9.30-18
Lau 11-16

sjá nánar á facebook.com/Systrasamlagid
Netverslun: systrasamlagid.is



Útskriftarhópur FB vorið 2019.
Mynd Jóhannes Long.

- bls. 4
Viðtal við
Sigurkarl
Jóhannesson
körfuboltamann í ÍR

Þúsundasti rafvirkinn útskrifaðist frá FB

Að lokinni vorönn útskrifaði Fjölbrautaskólinn í Breiðholti 153 nemendur við hátíðlega athöfn í Silfurbergi Hörpu. Þar af útskrifuðust 83 nemendur með stúdentspróf, 12 sjúkraliðar, 20 húsa-smiðir, 24 rafvirkjar, 11 nemendur af snyrtibraut og 10 nemendur af starfsbraut. Þá má geta þess að þúsundasti rafvirkinn úr FB var útskrifaður við athöfnina.

Dúx skólans var Guðmundur Freyr Gíslason, stúdent af

náttúruvísindabraut með einkunnina 9,49. Fékk hann verðlaun fyrir bestan árangur í raungreinum, stærðfræði og spænsku, auk menntaverðlauna Háskóla Íslands.

Semidúx var Ásta Kristín Marteinsdóttir stúdent að loknu sjúkraliðanámi með einkunnina 9,43 og yngsti stúdentinn sem útskrifaðist var Erla María Theódórsdóttir af náttúruvísindabraut, en hún er aðeins 17 ára og lauk stúdentsprófi á tveimur árum. *Fleiri myndir á bls. 9.*

Þitt hverfi hefur hækkað einna mest síðastliðið ár.

LÁTTU OKKUR SELJA FYRIR ÞIG. Heyrumst 510 7900

LIND
FASTEIGNASALA
Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

LAMBAKJÖT Á TILBOÐI

Lamba prime 3.479 kr/kg.

Lamba Innráleri 3.975 kr/kg


Lamba fille m/fitu 4.499 kr/kg

Lamba sirlon 1.866 kr/kg

Lamba Lundir 4.949 kr/kg

SELJAKJÖR

- KAUPMAÐURINN Á HORNINU -



**gæði
úrval
þjónusta**

Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Landsprent ehf.

6. tbl. 26. árgangur

Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Borgarlína

Breytingar í lífi fólks og þjóðar kalla á breytt borgarumhverfi. Á undanförunum árum hefur fjöldi fólks byggt sér ból á höfuðborgarsvæðinu. Spár um framtíðina telja að sú þróun muni halda áfram.

Þetta kallar á breytingar. Í fyrsta lagi að líta verður á höfuðborgarsvæðið sem eina samfélagslega heild. Í öðru lagi þarf að þetta byggð til að ganga ekki um of á takmörkuð óbyggð svæði. Í þriðja lagi verður að leggja áherslu á breyttar ferðavenjur.

Borgarlínan er einn þessara þátta. Með henni er ætlunin að innleiða samgöngumáta sem vel er þekktur í borgum erlendis og byggjast á samfélagslegri notkun samgöngutækja.

Hin dreifða byggð á höfuðborgarsvæðinu hefur meðal annars valdið því að fólk hefur valið einkabíl til þess að komast leiðar sinnar umfram aðra samgöngukosti. Þetta hefur leitt til þess að ekki hefur verið hugað nægilega að almenningssamgöngum. Þær ná ekki að þjóna markmiðum sínum.

Nú er svo komið að draga verður úr umferð einkabíla af ýmsum ástæðum. Umferð þeirra er orðin of þung. Hún kallar á umfangsmikil mannvirki sem oft fara ekki vel í umhverfinu. Umferð einkabíla mengar umfram aðra samgöngukosti.

Eðlilegt er að óumflýjanlegar breytingar frá einkabíl til almenningssamgöngutækja taki tíma. Þær eru kostnaðarsamar í byrjun þótt í þeim felist augljós hagkvæmni til lengri framtíðar. Þær útheimta einnig ákveðna hugarfarsbreytingu fólks. Hún verður ekki á einu augnabliki þótt nú sé að vaxa upp kynslóð sem horfir öðrum augum á samgöngumál en þær sem eldri eru.

Breiðholtið er bær í bænum. Þétt en afmörkuð byggð. Skólastarfar er öflugt og umtalsverð þjónusta er í byggðinni þótt hana megi bæta. Margir íbúar verða engu að síður að fara út fyrir byggð sína – einkum til að sækja vinnu. Borgarlínan mun verða Breiðholtinu hentug. Hún mun geta sparað mörgum daglegar bílferðir og fjármuni.

Á annan milljarð í undirbúning borgarlínu

- verkefnið háð því að samningur náist á milli ríkis og sveitarfélaga



Anna Guðmunda Ingvarsdóttir, aðstoðarforstjóri Íbúðalánasjóðs og Gísli Gíslason, hafnarstjóri Faxaflóahafna, voru formenn átakshópsins.

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa samþykkt samkomulag um að leggja 800 milljónir króna í tæknilegan og fjárhagslegan undirbúning að borgarlínu á þessu ári og næsta. Samkomulagið er gert með fyrirvara um að sama framlag komi frá ríki og að samkomulag náist milli ríkis og sveitarfélaga um uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu til ársins 2033. Því er ætlað að heildar-fjárhæðin til undirbúningsins á þessu ári og næsta nemi um 1,6 milljarði.

Ætlunin er að hefja vinnu við greiningu á heildarkostnaði við verkefni og að ráðist í útboð og annað sem þessari framkvæmd fylgir. Ákveða þarf hvaða rekstrarmódel verður notað, ákveða endanlega skiptingu milli sveitarfélaga og hver aðkoma sveitarfélaganna annars vegar og ríkisins hins vegar á að vera. Verkefnið er háð því að sameiginlegur skilningur verði milli ríkis og sveitarfélaga um kostnaðarskiptingu. Verkefnið er mikilvægur liður í því samkomulagi sem unnið er að á milli ríkisins og sveitarfélaganna um uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu til ársins 2033.

Sjö milljarðar á ári í fimmtán ár

Í erindisbréfi starfshóps um verkefnið er markmiðið að komast að samkomulagi um fjármögnun 102 milljarða fjárfestingaráætlunar í samgöngumálum á höfuðborgarsvæðinu, sem þýðir um sjö milljarða á ári í 15 ár. Uppbygging samgangna á höfuðborgarsvæðinu, stofnbrauta,

almenningssamgangna og hjóla- og göngustíga er afar brýnt viðfangsefni til að ná fram markmiðum um betra umferðarflæði, meira öryggi vegfarenda og til að draga úr mengun á svæðinu," segir í bókuninni.

Nýtt og afkastamikið kerfi

Á heimasíðu Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu segir að Borgarlínan sé nýtt og afkastamikið kerfi almenningssamgangna sem sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu undirbúa nú í sameiningu. Borgarlínan sé forsenda þess að sveitarfélögin geti þétt byggð í miðkjörnum og við línuna og vaxið án þess að brjóta nýtt land undir byggð utan skilgreindra vaxtarmarka. Með Borgarlínu verði hægt að byggja þéttari byggð t.d. með því að hafa færri bílastæði. Borgarlínan mun ganga eftir samgöngu- og þróunarásum sem búið er að festa í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins.

Tengist húsnæðismálum

Átakshópur forsætisráðherra í húsnæðismálum lagði til fyrr á þessu ári að uppbyggingu borgarlínu verði hraðað og uppbygging leigubúða fyrir tekjulága taki mið af aðgengi að skilvirkum almenningssamgöngum. Þá verði framkvæmdum við stofnbrautir umhverfis höfuðborgarsvæðið hraðað miðað við það sem gert sé ráð fyrir í samgönguáætlun.



Hafðu lyfin tilbúin þegar þú sækir Pantaðu tiltekt á appotek.is eða í síma 568 0990 Garðs Apótek - í leiðinni

Fáðu lyfin send heim með póstinum Pantaðu sendingu á appotek.is Garðs Apótek - um land allt

Sogavegi við Réttarholtsveg og Miklubraut Opið kl. 9-18 virka daga, lokað um helgar



Velkomin í Gróðrarstöðina Stord

Við bjóðum þér upp á:

- ✿ mikið úrval trjáa og runna, fjölærra plantna og harðgerra sumarblóma
- ✿ plönturnar í matjurtagarðinn
- ✿ mold, áburð, ker og potta
- ✿ góða þjónustu og faglega ráðgjöf



Dalvegi 30 - Kópavogur - Sími 564 4383 Fax 568 6691 - stord@centrum.is

Næg bílastæði

Komdu í Gróðrarstöðina Stord og njóttu svo sumarsins í litríkum blómagarði heima.



Lúxus flaug

með hvítum
hjúpaði

LEYFÐU ÞÉR SMÁ LÚXUS

Taktu flugið og gæddu þér á nýjustu viðbótinni í Lúxus-fjölskyldunni, silkimjúkri vanilluísflaug hjúpaðri hvítu eðalsúkkulaði. Við hreinlega fáum ekki nóg af þessari.



VIÐTALIÐ

Við erum hreinræktuð ÍR fjölskylda

- viðtal við Sigurkarl Jóhannesson körfuboltamann úr ÍR

Ég er Breiðhyltingur í húð og hár. Ég er næstelstur af fjórum systkinum. Börnum Jóhannesar K. Sveinssonar lögmanns og Kristjónu Þórdísar Jónsdóttur þýskukennara. Við bjuggum fyrst í Bökkunum en fluttum í Jóruselið þegar ég var smákrakki og hef verið þar síðan," segir Sigurkarl Jóhannesson körfuboltamaður úr ÍR. "Peir bræður Sigurkarl og Hafliði hafa báðir gert það gott í körfunni. Peir eiga ekki langt að sækja áhugann því faðir þeirra stundaði körfubolta á yngri árum. "Þetta hefur farið svona í karlegginn því systur okkar hafa ekki lagt þetta fyrir sig. Sigurkarl stundar nú nám í hagfræði eftir að hafa farið hina hefðbundnu skólaleið í Breiðholtinu. Frá leikskóla í Seljhverfi í gegnum Seljaskóla og síðan FB þar sem hann stundaði nám á félagsfræðibraut.

"Segja má að ég hafi fyrst farið út fyrir Breiðholtinu þegar ég hóf háskólanám. Allt sem til þurfti var að hafa þar. Skólarnir og síðan ípróttirnar. Ég hef alltaf verið í ÍR enda fjölskyldan tengd félaginu. Ég er að hluta til alinn upp í Ípróttahúsi Seljaskóla því ÍR er með aðstöðu þar og stutt var að fara eftir skólann yfir í ípróttahúsið. Mér leið ákaflega vel hvort sem var heima í hverfinu eða í skólanum og ípróttahúsinu. Við þurftum ekki að fara neitt annað. Þetta var hálfgerð miðbæjarstemning fyrir okkur krakkana." Sigurkarl segir líka verið stutt að fara út fyrir byggðina – út í náttúruna. "Móinn var á rétt hjá og þangað fóru krakkarnir mikið. Þetta var róleg byggð. Ef til vill vantaði meiri þjónustu fyrir hverfið en við krakkarnir fundum ekki

mikið fyrir því. Við búum beint á móti Ólafi Dýrmondssyni ráðunaut en hann hefur verið með sauðkindur í garðinum hjá sér frá því ég man eftir mér og er með þær enn. Maður skrapp stundum yfir götuna og kíkti á kindurnar. Fékk svona smá sveitatilfinningu að nálægðinni við þessa ferfættu íbúa."

Byrjaði í ípróttum sex ára

Sigurkarl var ekki hár í loftinu þegar hann hóf að stunda ípróttir enda honum í blóð bornar. "Ég var sex til sjö ára þegar ég byrjaði að æfa körfubolta og var líka í fót-bolta fyrstu árin. Ég hætti þó í fót-boltanum um 12 ára aldurinn og snéri mér eingöngu að körfunni. Síðar eða fyrir um tveimur árum fór ég að æfa ólympískar lyftingar sem ég stunda og eru í uppáhaldi hjá mér í dag." Sigurkarl segir þær vera íprótt fyrir alla og á öllum aldri. Dæmi séu um eldri menn hafi stundað þær og stundi. "Það er aldrei að vita hvort á eftir að fréttast af mér af þeim vettvangi."

Hreinræktuð ÍR fjölskylda

Sigurkarl segir fjölskyldu sína vera hreinræktaða ÍR fjölskyldu. "Við erum það þótt við höfum ekki öll verið í körfunni. Við bræðurnir fórum í fótspor föður okkar en systurnar hafa ekki lagt boltann fyrir sig. Þetta virðist liggja í karleggnum í ættinni. Við lifðum fyrir þetta. Eyddum nánast deginum eftir skóla í ípróttahúsinu. Faðir okkar hefur verið mikill ÍR-ingur einkum síðustu árin og við tókum öll þátt í þessu. Ég myndi segja að ÍR hafi ekki aðeins byggt upp öflugt ípróttalíf heldur einnig fjölskyldur sem hafa sameinast um að starfa fyrir eða styðja við félagið með einhverju móti."



Sigurkarl ásamt foreldrum sínum á útskriftardegi úr FB.

Hagfræðiáhuginn kom í námspásu

Sigurkarl segir skólalífið hafa verið gott í Breiðholtinu. "Ég var í Seljaskóla og átti síðan þrjú og hálf mjög góð ár í FB. Ég var á félagsfræðibraut og tók stúdentsprófið fyrir jólin 2017. Ég tók ekki mikinn þátt í félagslífinu innan skólans sem kom eingöngu til af því að ég hafði ekki tíma fyrir ípróttunum. Félagslífið var alltaf í ÍR." Sigurkarl stundar nú nám í hagfræði. Var það alltaf ætlunin hjá honum. "Nei – alls ekki. Ég hafði ekki hugsað mikið um hvað ég tæki mér fyrir hendur

að stúdentsprófinu loknu. Ég fór fyrst að ihuga það fyrri hluta árs 2018 þegar ég var í pásu frá námi hvert ég myndi stefna um haustið. Þá kom áhuginn eiginlega til mín og ég fann fljótt eftir að ég hóf hagfræðinámið árið að það átti ágætlega við mig. Ég hef alltaf haft áhuga á stærðfræði og þetta byggist umtalsvert á henni alla vega til að byrja með. Ég var líka svo heppinn að fá vinnu í sumar hjá Íslenskum fjárfestum. Þar get ég strax farið að láta reyna á það sem ég hef lært. Mér finnst ég læra meira af að vinna við þetta en í skólanum. Ef til vill stafar það af tilfinningunni fyrir því að

vera fast við raunveruleg verkefni. Ég er þó ekki búinn að ákveða hvaða grein ég kem til með að stefna í hagfræðinni. Til þess er ég kominn of skammt á veg. En það hjálpar mér örugglega að finna mer leið með því að vinna við fræðin með náminu."

Finn meira fyrir vegalengdinni nú en áður

Sigurkarl býr enn í foreldrahúsum í Jóruselinu. Finnst honum í dag hann vera langt í burtu í efri byggðunum. "Sem strák fannst mér enginn þörf á að leita neitt úr fyrir Breiðholtinu. Ég fann aldrei sjálfur fyrir vegalengdum. Ég bjó líka í Bandaríkjunum í hálf ári og þar setur fólk ekkert fyrir sig að þurfa um lengri veg til skóla og vinnu. Ég get þó ekki neitað því að mér finnst svolítið langt vestur í Háskóla eða í vinnuna hjá Íslenskum fjárfestum þar sem ég starfa með náminu. Ég pældi aldrei í þessu þegar ég var yngri en finn fyrir þessu nú. Við erum svo heppin systkinin – ég og systir mín að geta orðið samferða niður í bæ á morgnana og notum því oftast bara einn bíl," segir Sigurkarl Jóhannesson.



Mikið úrval af TYR
sundfatnaði - nýjar
gerðir og litir, úr
DURAFast 300+
efninu, sem er
sérlega klórpolið og
lithelt.

Kíktu á úrvalið á
heimasíðu okkar
www.aquasport.is

Aqua Sport
www.aquasport.is

Bæjarlind 1-3, 201 Kópavogur
sími: 5640035

APENA
 HÁRSNYRTISTOFA

 Pangbakka 10 (MJÓDD) • Sími: 557-2053

Stúlnakór Seljakirkju í söng- og skemmtiferð á Ítalíu



Stúlnakór Seljakirkju.

Stúlnakór Seljakirkju ásamt unglíngakór Hafnarfjarðar, alls 41 hressir krakkar og unglíngar fóru til vikudvalar í Bolzano á Ítalíu þann 11. júní og dvöldu þar í viku. Kórarnir komu fram á tónleikum bæði í Conservatorio Monteverdi Bolzano og Toscolano Maderno við Gardavatn. Ítalskir unglíngakórar tóku á móti hópunum og sungu með þeim á tónleikunum.

Kórarnir þurftu að flytja lög á ítalskri og spænskri tungu auk íslenskunnar og var hluti undirbúningsins

að læra textana. Ítalska er flestum ungmennum framandi en fleiri kunna eitthvað fyrir sé í spænsku þar sem víða er boðið upp á hana sem þriðja tungumál í framhaldsskólum. Þess ber þó að geta að málin eru sömu ættar og nokkur líkindi með þeim. Þetta var að sjálfsögðu bæði tónleika og skemmtiferð og gerðu krakkarnir margt skemmtilegt í ferðinni. Þau fóru meðal annars í Gardaland sem er einn flottasti tívolígarðurinn þarna auk þess fara í skoðunarferðir og fleira.

Ynja
UNDIRFATAVERSLUN

Glæsibær - Álheimar 74
S. 544 4088 - www.ynja.is

FALLEGIR LEGSTEINAR



Opið: 10-17
alla virka daga

Verið velkomin

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

MIKLABORG



Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson
hdl. og löggiltir fasteignasalar



Jón Rafn Valdimarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520



Ólafur Finnogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307



Bryndís Alfreðsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 569 7024



Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856



Gunnar Helgi Einarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 615 6181



Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000



Ásgrímur Ásmundsson
hdl. og lögg. fasteignasali
Sími: 865 4120



Þróstur Þórhallsson
lögg. fasteignasali
Sími: 897 0634



Jörunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958



Atli S. Sigvarðsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 1178



Svan G. Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300



Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515



Páll Þórólfsson
aðstm. fasteignasala
Sími: 893 9929



Helgi Jónsson
aðstm. fasteignasala
Sími: 780 2700



Hilmar Jónsson
hdl. og löggiltur
fasteignasali
Sími: 695 9500



Ragnheiður Pétursdóttir
hdl. og löggiltur
fasteignasali



Harpa Rún Glád
hdl. og löggiltur
fasteignasali



Fasteignasalan

Miklaborg

Lágmúla 4 • 108 Reykjavík • Sími 569 7000
www.miklaborg.is

Með þér alla leið

Útivist og hreyfing á Reykjanesi



Hópurinn við Reykjanesvita.

Valhópurinn Útivist og hreyfing í Hólabrekkuskóla fór í lokaferðina sína þriðjudaginn 28. maí sl.

Haldið var á Reykjanesið með rútu og ýmsir staðir heimsóttir, þar á meðal Kleifarvatn, Krýsuvík, Brúin milli heimsálfa, Brimketill, Reykjanesviti o.fl. Stoppað var í Grindavík þar sem hópurinn grillaði pylsur og skoðaði Saltfiskssetrið.



Mynd sem tekin var að lokinni skóflustungunni. Frá vinstri; Jón Ögmundsson, formaður stjórnar Búseta, Bjarni Þór Þórólfsson, framkvæmdastjóri Búseta, Gunnlaugar Magnússon í stjórn Búseta, Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, Hafsteinn K. Halldórsson, verkefnastjóri nýframkvæmda hjá Búseta, Andrés Jónsson frá Jáverk og Helga Egla Björnsdóttir stjórn Búseta.


Búseti byggir við Árskóga

Búseti er að hefja byggingu á 72 íbúðum í Árskógum í tveimur byggingum 5 til 7 í Mjóddinni í Breiðholti. Byggðar verða stúdíóíbúðir og einnig tveggja og þriggja herbergja íbúðir.

Íbúðirnar verða í minna lagi þar

sem hver fermetri er vel nýttur og mæta þannig óskum félagsmanna. Hugað verður að þörfum samtímans hvað varðar aðstöðu fyrir reiðhjól og rafhleðslur fyrir bíla. Búseti hefur samið við Jáverk um byggingu húsanna og

hefst framkvæmdir á næstu dögum. Áætlað er að íbúðirnar verði tilbúnar á miðju ári 2021. A2F arkitektar eru aðalhönnuðir verkefnisins.



Teikning af væntanlegum fjölbýlum við Árskóga.

Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími:

511 1188 & 895 8298

www.breiðholt.is

Lyfjaval
APÓTEK

Í Mjódd á nýjum stað!

Lyfjaval
APÓTEK
var til húsa

Lyfjaval
APÓTEK
nú til húsa

Starfsfólk Lyfjavals
tekur hlýlega
á móti þér



HJÁLPARSÍMI
RAUÐA KROSSINS

1717



- Opinn allan sólarhringinn
- Upplýsingar um úrræði
- Alveg ókeypis (líka úr gsm)
- Kemur ekki fram á símréikning
- Fullur trúnaður
- Ef þér líður illa – ef þú átt í vanda

Rauði kross Íslands

Danshátíðin "Mjóddarmamma"

- verður haldin í Mjóddinni í Breiðholti 31. ágúst n.k.

Undirbúningur fyrir hátíðina "Mjóddarmamma" er hafin en þessi dansviðburður verður í fyrsta skipti þann 31. ágúst n.k. í Mjóddinni í Breiðholti. Dansgarðurinn, sem er með Klassíska Listdanskólanum í verslunarmiðstöðinni stendur á bak við þennan viðburð og nemendur skólans taka fullan þátt í undirbúningnum. Dansgarðurinn fékk styrk frá Reykjavíkurborg til þess að koma þessu verkefni á fót.

Þann 31. ágúst n.k. munu þau taka Mjóddina yfir með dansi. Vegfarendur á leiðinni í Nettó geta þá orðið vitni að dansgjörning, fá að prufa uppáhalds ballett æfingu ungra dansara eða horft á dansstuttmyndir með croissant og kaffi frá Bakameistararnum í hendi. Áhersla verður lögð á að ungir

dansarar deili ástríðu sinni með vegfarendum í verslunarmiðstöðinni og að þau leiði þessa viðburði undir leiðsögn fagfólks. Saga Sigurðardóttir, danshöfundur mun vinna með ungum dansara að dansgjörningi sem verður sérhannaður fyrir Mjóddina. Með þessari dagskrá vonar Dansgarðurinn að vegfarendur fái innsýn í dansheiminn, deili ef til vill dansgleði og upplifi skemmtileg uppbrot í sínu daglega umhverfi. Um leið er þessi viðburði tækifæri fyrir unga dansara að tengja list sína hinu

daglegu lífi og ná til fjölbreyttari hóps áhorfenda.

Þjónustumiðstöðin hvetjandi

Þjónustumiðstöð Breiðholts hefur verið mjög hvetjandi og hjálpað Dansgarðinum við undirbúninginn, auk þess hefur Landsbankinn styrkt verkefnið. Dansgarðurinn hefur fengið góð viðbrögð frá verslunarmiðstöðinni, búðareigendum og þjónustufulltrúa. Nú er bara smá sumarfrí í vendum til að



Mjóddin er kjörin staður fyrir hátíð sem þessa.

safna kröftum og svo koma láta Mjóddina umbreytast í ungir dansarar í Breiðholti og af fullum krafti í lok ágúst til að furðulegan dansheim.

Þær sóttu um leikskólastjórastöður í Breiðholti



Leikskólinn Suðurborg við Suðurborg.

Fjórar konur sóttu um stöðu leikskólastjóra í leikskólanum Hólaborg og jafn margir um sama starf í Suðurborg. Einn umsækjandi í Suðurborg dró umsókn sína til baka.

Umsækjendur um stöðu leikskólastjóra í Hólaborg eru; Agnes Vanda Kovacs, Isabella Rivera, Sigríður Valdimarsdóttir og Sigrún Grétarsdóttir

Umsækjendur um stöðu leikskólastjóra í Suðurborg eru; Berglind Hallgrímsdóttir, Malisa Zymberi og Sigríður Valdimarsdóttir en einn umsækjandi dró umsókn sína til baka.

Breiðholtsblaðið

www.borgarblod.is

Gerðu góðverk í dag

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Verið velkomin á Gamla Kaffihúsið

Steikarloka

með nautarkjöti, béarnaissósu, káli og rauðlauk borin fram með frönskum og kokteilsósu

Aðeins kr.

1950 kr



Matseðill

Nautarsteik

Með bakaðri karteflu, steiktu grænmeti og béarnaissósu

2800,-

Kjúklingasalat

Salat með hvítlauksbrauði og hunangssinnepsósu.

1950,-

Laxasalat

Salat með reyktum laxi, hvítlauksbrauði og hunangssinnepsósu

1950,-

Piri piri Kjúklingur

Með steiktu grænmeti, sveita kartöflum og hvítlaukssósu.

2400,-

Hamborgari

Með stalati, rauðlauk, osti og frönskum kartöflum.

1800,-

Eðalbrauð

Með kjúkling, salati, rauðlauk og hunangssinnepsósu

1350,-

Með reyktum laxi, salati, rauðlauk og piparrótasósu

1350,-

Með salati, rauðlauki, feta og hvítlaukssósu

1350,-



Opnunartími

Virka daga frá 11:30 til 21:00, Laugadaga frá 12:00 til 21:00, Sunnudaga frá 12:00 til 20:30

Drafnarfell 18, 111 Reykjavík.

Sími 511-1180.

Gamlakaffihusid.is

Ég loka engum dyrum

- segir Guðmundur Freyr Gíslason sem varð dúx FB á dögnum

“Ég stefndi ekki á að taka dúxinn. Þetta var heppni,” segir Guðmundur Freyr Gíslason sem hlaut hæstu einkunn á stúdentsprófi frá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti á þessu vori. “Ég vissi þó af því að þetta væri möguleiki en fleiri gátu alveg slegist í þann hóp og vil ég sérstaklega nefna Ástu Kristínu Marteinsdóttir sem var semidúx í því sambandi. Það var ekki svo mikill munur á okkur.” Guðmundur hvílir sig á skrifborði og tölvuskjá í sumar og stundar garðslátt og önnur garðyrkjustörf hjá fyrirtæki sem tengist fjölskyldu hans. Hann kveðst ánægður með að hafa fengið tækifæri til þess að vinna úti í sumar og ekki skemmi fyrir hversu veðrið hefur verið gott.

Guðmundur hóf framhaldsskólanám í Verslunarskólanum en skipti yfir í FB eftir fyrstu önnina. “Það var stutt fyrir mig að fara í FB og ég var allan tímann mjög ánægður þar.” Guðmundur

braut námsferilinn upp og fór í skiptinám til Spánar 2017 til 2018. Hann var fyrst í San Fernando eða síðari hlutann í bæ sem heitir Zafrá. Þá var ég búinn með fyrstu tvö árin í framhaldsskóla og tók svo eitt ár ytra. Mig langaði að vika sjóndeildarhringinn og ég sé ekki eftir því að hafa gert þetta. Ég held að ég hafi náð nokkuð góðum þroska á þessu ári ytra.”

Hefur áhuga á mörgum námsgreinum

Guðmundur stundaði nám á náttúrufræðibraut í FB en áhuginn liggur víðar. “Ég hef mjög gaman af tungumálum en ég hef líka mikinn áhuga á heimspeki og líka gaman af því að stúdera eðlisfræði og önnur náttúruvísindi. En heimspekin er grunnurinn að bak við vísindin og spyr spurninga um hvernig komast megi að meiri þekkingu á umheiminum.”

Byrjar í hagnýtri stærðfræði

En hvað ætlar Guðmundur að taka sér fyrir hendur að hausti. Hvernig hyggst hann fódra fróðleiksfýsni sína. Er hann að velja verkfræði fyrir sér. “Ég ætla að byrja í hagnýtri stærðfræði í Háskóla Íslands í haust. Ég hef aðeins velt verkfræði og þá helst hugbúnaðarverkfræði fyrir mér en stærðfræðin nýttist hvort sem ég vel þá braut eða aðra. Ég er mjög opin fyrir ýmsu og ekki vist hvar ég enda. Ég er enn nokkuð óviss um framtíðina. En þetta er alla vega byrjunin.”

Nauðsynlegt að vika sjóndeildarhringinn

“Ég veit ekki hvort það hefur áhrif á framtíðaráform mín að ég kem úr nokkuð sjálfstæðu umhverfi. Faðir minn rekur lítið fjölskyldufyrirtæki og hefur unnið mikið fyrir sjálfan sig. Má vera að uppeldið hafi mótað mig að því leyti að fara ekki í nám til þess að fara að því búnu beint inn í ákveðið starfssvið eða starf á vinnumarkaðnum heldur að leyfa sér að taka smá lykkjur á námsleiðina svona eins og þegar ég fór til Spánar sem skiptinemi. Ég held að það sé nauðsynlegt að gera það til þess að auka víðsýni sína og þroska. Ég held að ef maður einblínir á eitt fag þá verði maður fljótlega fastur í því og eigi erfitt með að líta út fyrir rammann. Ég hef ekki myndað mér ákveðnar skoðanir á öllu. Ég er líka tilbúinn að íhuga mín sjónarmið og jafnvel breyta skoðunum ef ég læri eða uppgötva eitthvað sem mér lýst betur á eða reynist sannara.”

Mér fannst gott að alast upp í Breiðholti

“Já – ég er upprunnin úr Breiðholti og hafði ekki þekkt neitt annað þegar ég fór til Spánar. Ég var í Ölduselsskóla og flutti 14 ára um nokkra metra í Seljahverfinu. Ég hef einnig búið svolítið hjá ömmu og afa sem



Guðmundur Freyr Gíslason.

eru í Efra Breiðholti. Ég var líka dálítið í fótbolta hjá ÍR enda alin upp við bæjardyrnar hjá félaginu. Ég hef þó ekki verið að stunda hann sem keppni en hef gaman af honum. Þetta er heimilislegt umhverfi og ég er alls ekki með nein áform að flytja þaðan. Ég get þó alveg hugsað mér að dvelja eitthvað erlendis. Einkum til þess að bæta enskuna vegna þess að ég einbeitti mér að spænsku árið á Spáni. Hugsanlega er

hægt að komast í samband við aðra háskóla í gegnum Háskóla Íslands. Ég er ekki að segja að ég sé fullnuma í spænsku. Maður er fljótur að stíðna ef maður notar málið ekki og ég hringi stundum út til þess að halda sambandi við fólk sem ég kynntist og æfa mig í að viðhalda málinu. En – ég ætla að byrja í hagnýtu stærðfræðinni í haust og svo verður maður bara að sjá til. Ég loka engum dyrum.”

Eitt kort
34 vötn
7.900 kr

Frelsi til að veiða!

VEIDIKORTID
2019

www.veidikortid.is

ÞETTA ER BYRJAD!

RECARO

Barnabílstólar í úrvali



BÍLASMIÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

VALHÖLL

FASTEIGNASALA

S í ð a n 1 9 9 5

Allir þurfa þak yfir höfuðið

588 4477

Fagleg þjónusta -
Vönduð vinnubrögð



Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!

Reykjavík - Snæfellsbæ - Höfn Hornafirði | Sími 588 4477 | www.valholl.is



Ingólfur Geir Gissurarson
Framkvæmdastjóri
Lögg. fasteignasali og leigumíllari
896 5222



Heiðar Friðjónsson
Sölustjóri
Löggiltur fasteignasali B. Sc
693 3356



Margrét Sigurgeirsdóttir
Skrifstofustjóri
margret@valholl.is
588 4477



Úlfar Freyr Jóhannsson
Löggæðingur Hdl.
Lögg. fasteignasali.
Skjalavinnsla
692 6906



Herdís Valb. Hölludóttir
Löggæðingur og lögg. fasteignasali
694 6166



Pétur Steinar Jóhannsson
Aðstoðarm.
fasteignasala
Snæfellsnesi
893 4718



Sturla Pétursson
Löggiltur fasteignasali
899 9083



Anna F. Gunnarsdóttir
Löggiltur fasteignasali
892-8778



Snorri Snorrason
Löggiltur fasteignasali
Útibú Höfn Hornafirði
895-2115

153 nemendur útskrifuðust úr FB

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti útskrifaði 153 nemendur í lok maí. Jóhannes Long ljósmyndari tók að vanda myndir við athöfnina.

Á myndunum má sjá Guðmund Frey Gíslason dúx, Ástu Kristínu Marteinsdóttur semidúx, Anitu Rós Kingó Andersen sem hlaut viðurkenningu fyrir félagsstörf frá Rótaryklúbbi Breiðholts. Með Anitu

er á myndinni Áslaug Gísladóttir kennari og Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir skólameistari. Melkorka Rós Hjartardóttir nemandi við skólann söng við undirleik Fannars Pálssonar og Hrafn Bogdan Seica Haraldsson nýstúdent lék á gítar og söng frumsamið lag við eigin texta.



Dúx skólans var Guðmundur Freyr Gíslason stúdent af náttúruvísindabraut með einkunnina 9.49. Hann sópaði að sér flestum verðlaunum. Hann fékk verðlaun fyrir bestan árangur í raungreinum, stærðfræði og spænsku. Þá hlaut hann einnig menntaverðlaun Háskóla Íslands.



Semidúx var Ásta Kristín Marteinsdóttir stúdent að loknu sjúkraliðanámi með einkunnina 9.43. Hún hlaut viðurkenningu fyrir bestan árangur í ensku sem og viðurkenningu fyrir góðan námsárangur frá Soroptimistaklúbbi Hóla og Fella.



Anita Rós Kingó Andersen hlaut viðurkenningu fyrir félagsstörf frá Rótaryklúbbi Breiðholts. Á myndinni með Anítu er Áslaug Gísladóttir kennari (til vinstri) og til hægri við Anítu er Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir skólameistari.



Melkorka Rós Hjartardóttir nemandi við skólann söng við undirleik Fannars Pálssonar.

Í sumarfríinu

rafbokasafnid.is

RFID Vörn. Ekki hægt að skanna korta upplýsingar. Leðurveskin frá Adam Carter.

Veski og box með skannvörn

C-Secure RIFID kortabox tekur 5 til 7 kort.

C-Secure RIFID kortaveski með Ítölsku leðri tekur 5 til 7 kort.

Módjó

Mjódd • S: 571 3411
www.facebook.com/Módjó-Verslun

Foreldrafélögin í Breiðholti

Afhentu grunn- og leikskólum leiðarljós um skjátíma

Foreldrafélögin fimm í Breiðholti afhentu fulltrúum allra grunn- og leikskóla í Reykjavík segla með áprentuðum upplýsingum um skjátíma barna fimmtudaginn 11. apríl sl. Afhendingin fór fram við hátíðlega athöfn í Tjarnarsal Ráðhússins. Guðmundur Magnús Daðason, formaður foreldrafélags Ólduselsskóla, Anna Sif Jónsdóttir, formaður foreldrafélags Breiðholtsskóla og Arna Bech, foreldrafélagi Hólabrekkuskóla buðu gesti velkomna og fluttu erindi um tilurð verkefnisins og tilgang þess. Aðrir sem voru í forsvari fyrir verkefnið voru Ólafur Gylfason, foreldrafélagi Seljaskóla, Valdís Vera Einarssdóttir, foreldrafélagi Breiðholtsskóla og Aðalheiður Ingimundardóttir, formaður foreldrafélags Fellaskóla.

Ólduselsskóli og Hólabrekkuskóli símalausir

Birna Sif Bjarnadóttir, skólastjóri Ólduselsskóla og Kjartan Helgi Guðmundsson, nemandi í Ólduselsskóla, fjölluðu um hvaða áhrif það hafði á skólabraginn að gera skólann símalausan frá og með 29. mars. Góður undirbúningur og samvinna nemenda, foreldra og skólans gerði það að verkum að þetta gengur mjög vel. Foreldrafélagið sótti um styrk fyrir verkefnið og nýttir hann til að bæta og efla spila- og leikjakost skólans. Hólabrekkuskóli ákvað að banna síma í skólanum þann 23. apríl og þar hefur það gengið vonum framár.

Borgarstjóri afhenti fyrstu seglana

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri steig síðastur á svið og óskaði foreldrafélögnum í Breiðholti innilega til hamingju með þetta verkefni og afhenti formlega fyrstu seglana ásamt foreldrum úr Breiðholti. Um 30.000 seglum sem veita upplýsingar á íslensku, ensku,



Vinnuhópurinn um seglaverkefnið tekur á móti hvatningarverðlaunum skóla- og frístundasviðs.

pólsku og filippseysku var svo dreift til allra leik- og grunnskólabarna í Reykjavík, á BUGL og að lokum fékk Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, afhent eintak.

Markmið verkefnisins – skjátími, gildi og leiðarljós

Markmið verkefnisins er fyrst og fremst að auka vitund fjölskyldna um skjátíma, sem og skapa umræðu innan veggja heimila um hver skjátími ætti að vera og hvernig fjölskyldan nýtir skjáina. Á seglinum eru þrenns konar skilaboð:

Tilvísun á www.skjatimi.is þar sem finna má frekari upplýsingar um skjátíma og gagnlega tengla. Gildi sem allir, ungir sem aldnir, ættu að hafa í huga við skjánotkun. Leiðarljós fyrir hámarks skjátíma á dag sem hentar mismunandi aldri.

Segullinn skapar umræðu

Í nokkur ár hefur segull um útivistartíma borist inn á heimili landsmanna og fest í sessi reglur um útivistartíma barna. Foreldrafélögin sjá fyrir sér að segull um skjátíma muni skapa umræður á heimilinu um æskilega skjáhegðun og þannig, smátt og smátt, festa í sessi reglur hvers heimilis um skjátíma. Segullinn



Segullinn með upplýsingum um æskilegan tíma fyrir börn að vera við skjá. Hægt er að hengja hann á ísskápshurð eða hvar sem er á heimilum til að minna á að vera ekki of lengi fastur við skjáinn.

er ekki töfralausn heldur tæki sem fjölskyldur geta notað til að mynda ramma utan um skjánotkun allra í fjölskyldunni.

Afrakstur öflugrar samvinnu

Foreldrafélög grunnskólanna í Breiðholti og skólastjórnendur hafa um árabíl átt mjög gott samstarf um ýmis málefni sem hefur stutt vel við



Gylfi Guðmundsson, Margrét Samúelsdóttir og Margeir Hildir Bryngeirsson taka á móti fyrstu seglum frá Degi B. Eggertssyni og Önnu Sif Jónsdóttur.

skólasamfélagið í hverfinu. Fyrir um þremur árum kom upp sú hugmynd á samstarfsfundi foreldrafélaganna fimm að gera segul um skjátíma þar sem skjánotkun er stöðugt að aukast og við foreldrar þurfum að kunna að umgangast þessa nýju tækni og vera börnunum fyrirmynd. Segullinn var hugsaður fyrir öll heimili grunnskólabarna í Breiðholti. Nefnd varð stofnuð og verkefnið varð að veruleika.

Verkefnið vatt upp á sig

Í febrúar var búið að afla styrkja til að gera segla fyrir öll grunnskólabörn í Breiðholti en þá barst fyrirspurn frá starfsmönnum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar um hvar verkefnið væri státt. Starfsmenn borgarinnar fengu að sjá hönnun segulsins og hugmyndafræðina að baki verkefninu, og báðu um að verkefnið yrði stækkað þannig að öll grunnskólabörn í Reykjavík, ásamt leikskólabörnum fengju segul. Einnig var óskað eftir því að segull yrði gerður á ensku, pólsku og filippseysku. Þetta litla Breiðholtsverkefni sprakk því út og búið er að framleiða 30 þúsund segla á fjórum tungumálum.

Vefsíðan www.skjatimi.is

Þar sem ekki kemst allt fyrir á

einum segli var ákveðið að útbúa vefsíðu að frumkvæði foreldra í Breiðholti. Verkefnið hlaut stuðnings SAMFOK (Samtök foreldra grunnskólabarna í Reykjavík) sem kom einnig inn sem umsagnaraðili um hönnun og efni. Þegar verkefnið var komið í alla grunnskóla í Reykjavík var ákveðið að SAMFOK tæki við síðunni og héldi áfram sem umsýgnaraðili vefsíðunnar skjatimi.is.

Verðlaunað samstarf foreldrafélaganna

Eitt af því sem hvetur foreldrafélögin fimm sem samanstanda af eftirfarandi grunnskólum: Breiðholtsskóla, Fellaskóla, Hólabrekkuskóla, Seljaskóla og Ólduselsskóla að halda áfram öflugum samstarfi er raunverulegur ávinningur sem tekið er eftir. Félagin fimm hafa hlotið hvatningarverðlaun Heimilis og skóla 2017 fyrir mikilvægt samstarf sem felur í sér forvarnargildi og jákvæð áhrif á nærsamfélagið með hagsmuni foreldra, nemenda, skóla og samfélags að leiðarljósi. Í ár hlutu félagin hvatningarverðlaun skóla- og frístundasviðs ásamt viðurkenningu frá Heimili og skóla fyrir skjáverkefnið.


Komdu í þægilegt og gott umhverfi
við tökum vel á móti þér

Næg bílastæði
VELKOMIN

Mjóddin

EINSTAKAR BÆKUR

Á hverju ári gefur Ferðafélag Íslands út heimilda- og fræðslurit, kort og bækur



ÁRBÆKUR

Bókaflokkur um land og náttúru

Ferðafélag Íslands gaf út sína fyrstu árbók árið 1928. Árbókin hefur síðan komið út árlega í óslitinni röð og er einstæður bókaflokkur um land og náttúru. Hver bók fjallar um afmarkað svæði á landinu og nær efni bókanna um landið allt. Bækurnar eru altæk Íslandslýsing og gefa ferðafólki góðar ferðaupplýsingar ásamt því að veita innsýn í sögu og þjóðlegan fróðleik.



GÖNGULEIÐARIT

Leiðir göngumenn á nýjar slóðir

Gönguleiðaritin benda gjarnan á leiðir sem ekki eru á allra vitorði og leiða göngumenn þannig á nýjar slóðir. Einnig gera þau gönguferðirnar ánægjulegri og eftirminnilegri þar sem fróðleikurinn skapar skemmtilegar tengingar við atburði og sögur úr fortíðinni.

NÁTTÚRUFAR · GRÓÐUR · FUGLAR · JARÐFRÆÐI · SAGA · MENNING



FERÐAFÉLAG ÍSLANDS

www.fi.is

Útskrift í Ölduselsskóla

Alls 50 nemendur útskrifuðust úr 10. bekk Ölduselsskóla við hátíðlega athöfn fimmtudaginn 6. júní.

Nemendurnir, Stefán Örn og Frank Gerretsen spiluðu á gítar og sungu lög, Marta Karitas formaður nemendaráðs flutti skemmtilega ræðu og verðlauna afhending var til nemenda sem þóttu skara fram úr á mörgum sviðum. Guðmundur Magnús flutti ræðu og heiðraði Aðalheiði Diego Hjálmarsdóttur fyrrum aðstoðarskólalastjóra fyrir góð störf við skólann en hún lét af störfum í vor. Ölduselsskóli þakkar 10. bekkungum og foreldrum þeirra hjartanlega fyrir samveruna og óskar útskriftar nemendum sínum velfarnaðar á komandi árum.



Útskriftarhópurinn í 10. bekk Ölduselsskóla.



Guðmundur Magnús heiðraði Aðalheiði Diego Hjálmarsdóttur fyrrum aðstoðarskólalastjóra.

Framkvæmdir hafa neikvæð áhrif á Elliðaárnar

Þegar fyrirhugaðar stórframkvæmdir á reit sem nefnist Þ73 (þar sem Biodome á að rísa) í Elliðaárdalnum voru kynntar í byrjun árs 2017 komu strax fram efasemdir um svona umfangsmikil mannvirki á jafn gróðursælum útvistarstað og dalurinn er. Ætla mætti að fáir hefðu hugmyndaflug í að reisa 4.500 fermetra byggingu á lóð sem nær yfir meira en 12.000 fermetra, þar sem að auki færu um 5.000 fermetra í bílastæði. Þó hefur meirihlutinn í borginni keyrt þessar hugmyndir áfram.

Athyglisvert er að skoða nýlega umsögn Umhverfisstofnunar um fyrirhugaðar stórframkvæmdir en hægt er að færa rök fyrir því að sú umsögn sé mikill áfellingdómur yfir núverandi skipulagi og þeim hugmyndum sem uppi eru á svæðinu.

Vert er að lesa umsögn Umhverfisstofnunar í heild sinni, en að mati hennar:

Eru mörk vatnasviðs Elliðaáa inni á miðju áætluðu framkvæmdasvæði.

Er verið að áætla framkvæmdir inni á svæði á náttúruminjaskrá.

Er verið að áætla mikið rask inni á vatnasviði Elliðaánna sem getur haft neikvæð áhrif á Elliðaárnar.

Mun ofangreind áætlun yfirtaka stóran hluta af útvistarvæði sem nú er fyrir almenning og þrengja að vatnasviði Elliðaánna.

Á þætting byggðar, sem er af stofnuninni talin mikilvæg, að gerast án þess að gengið sé á græn svæði borgarinnar.

Er með nýrri deiliskipulagstillögu gengið á þetta græna svæði, niðurgráfnar byggingar munu skapa mikið rask og munu upplýstar byggingar rýra það útsýni sem nærliggjandi íbúar hafa nú þegar.

Í aðalskipulagi Reykjavíkur kemur fram að reiturinn, Þ73 þurfi að henta vel í nálægð við útvistarvæði, tengjast útvist, samfélagsþjónustu eða íþróttastarfishemi. Að mati Umhverfisstofnunar kemur enn fremur fram að fyrirhugaðar framkvæmdir falli ekki undir þessar kröfur.



Egill Þór Jónsson borgarfulltrúi.

Efsemdarraddir eiga við rök að styðjast

Það er því ljóst að þær efasemdaraddir sem heyrst hafa vegna stórframkvæmda í dalnum eigi við rök að styðjast þegar litið er til umsagnar Umhverfisstofnunar. Góður bragur væri á því ef meirihlutinn í borginni tæki ákvörðun um að bakka með þessar framkvæmdir, umhverfinu og svæðinu til góða. Ég gæti séð Elliðaárdalinn fyrir sem áframhaldandi útvistarvæði þar sem laxveiði, útreiðar, hjólreiðar og gangandi vegfarendur njóta sín í óspilltri náttúru. Einnig eru möguleikar á að auka gæði Dalsins með aukinni umhirðu í Dalnum og með því að bæta aðkomu að honum. Enn fremur er hægt að byggja svæðið upp sem fjölskyldusvæði með leiktækjum fyrir börn, grillaðstöðu eða öðru sem ýtir undir útveru fólks á öllu aldri.

Egill Þór Jónsson
Borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins
egill.thor.jonsson@reykjavik.is

GÓÐ ÞJÓNUSTA í Grímsbæ við Bústaðaveg



UMHVERFISVÆNAR
GJAF- OG NYTJAVÖRUR

VISTVERA
INFO@VISTVERA.IS — VISTVERA.IS

KOMDU Í PIZZU EÐA TAKT'ANA MÆÐ HEIM



PIZZERIA - BÚSTAÐAVEGI - 533 1313

italcaffè



ÁRSÓL

Snyrtivöruverslun - Snyrtistofa
Sími: 553 1262

Tímadjásn
Gallery Gull

HANNYRÐAVERSLUNIN

Sporið

Garn og útsaumur
Mikið úrval
Sími: 581 2360

TÍSKUVERSLUNIN
SMART

FLOTTAR VÖRUR Í ST: 36 -58



Krambúðin

Opið virka daga 08:00 til 23:30
Um helgar 09:00 til 23:30



Sumarnámskeið í Breiðholti í fullum gangi

- nokkur pláss enn laus

Sumarnámskeið frístundaheimilanna í Breiðholti eru nú í fullum gangi. Mikil fjölbreytni einkennir sumarstarf Miðbergs og njóta námskeiðin mikilla vinsælda.

Mörg dæmi eru um að börn úr öðrum hverfum og sveitarfélögum sækji sumarnámskeið í Breiðholti, jafnvel mörg ár í röð.

Enn eru laus pláss á einhverjum námskeiðum í sumar. Skráning og nánari upplýsingar eru á vefnum fristund.is

Á myndunum á sjá börn af frístundaheimilinu Bakkaseli á námskeiðinu Vatnafjör og sjóræningjar.



Helgi smiður

Annast viðhald og viðgerðir
fasteigna fyrir húsfélög,
einstaklinga og fyrirtæki.

Gluggar – Gler – Glerlistar – Opnanleg fög
Pakjárn – Pakkantur – Pakrennur – Niðurföll
Sólpallar – Skjólveggir – Girðingar
Skápar – Innréttingar – Parkett – Flísar

Sími: 897 4425

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Sverrir Einarsson



Margrét Á. Guðjónsd.



Kristín Ingólfssdóttir



Hannes Ó. Sampsted

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



MotorMax Smurstöð

Opnunartímar

Virka daga 07:45 til 18:00

Laugardaga 12:00 til 16:00

Engar tímavæntanir!



Motormax ehf
Vatnagörðum 12
Sími: 545 4040

Við smyrjum bílinn þinn með
háægðaða **MOTUL** olíum.

HEILSUEFLANDI BREIÐHOLT

Stöndum saman gegn rafsígarettur-eykingum unglunga

Samkvæmt nýjustu tölum úr unglingarannsóknunum sem gerðar voru síðla vetrar eru unglingarnir okkar í 8. til 10. bekk í Breiðholti í langflestum tilfellum að halda sig frá vímuefnum s.s. hefðbundnum reykingum, áfengisdrykkju og annarri vímuefnanotkun.



Rafsígarettur-eykingar aukast á meðal unglunga

Á sama tíma og hefðbundnar reykingar eru í lágmarki hafa rafsígarettur-eykingar því miður aukist verulega á milli ára meðal unglunga í hverfinu. Þær eru taldar vera forstíga hefðbundinna reykinga hjá unglungum og í vökvanum í rafsígarettunum er oft blandað efnunum sem eru skaðleg fyrir þá sem neyta. Ný lög tóku gildi 1. mars þar sem bannað er að selja unglungum undir 18 ára aldri rafsígarettur. Sömu reglur gilda í samfélaginu um rafsígarettur og venjulegar reykingar. Virðum reglur og hvetjum unglungana okkar til að halda sig frá rafsígarettum.



Þráinn Hafsteinsson.

Verum á verði í sumar og verjum gæðatíma með börnunum okkar

Verum minnug þess að sumarið er sá árstími sem margir unglingar prófa áfengi eða vímuefni fyrst. Verjum lengri tíma með börnunum okkar, ræðum málin og setjum viðmið sem fjölskyldan fer eftir.

Gleðilegt sumar.
Þráinn Hafsteinsson.
Verkefnastjóri frístunda og félagsauðs.
Þjónustumiðstöð Breiðholts.

Við erum til staðar þegar þú þarft að okkur að halda

Sigrún Óskarsdóttir,
guðfræðingur

Útfararþjónusta & lögfræðisþjónusta



Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

Með kærleik og virðingu

Útfararstofa Kirkjugarðanna
Vesturhlíð 9, Fossvogi | Sími 551 1266 | utfor.is

Leiknir var stofnað 1973

Getraunarnr. 111

www.leiknir.com

Austurbergi 1, Efra Breiðholti

Haukar lágu í valnum gegn ungu Leiknisliði

Leiknisliðið gerði góða ferð á Ásvelli í 8. umferð Inkasso-deildarinnar og vann 2-1 útsigri eftir að hafa lent undir snemma leiks.

Sævar Atli skoraði bæði mörkin í 2-0 útsigri Leiknis gegn Haukum í fyrri og hann kann greinilega vel við sig á Ásvöllum því hann jafnaði 1-1 með laglegu marki.

Leiknir byrjaði leikinn illa en tók svo völdin og var miklu betra liðið. Verðskuldað sigurmark kom á 78. mínútu þegar Bjarki Aðalsteinsson skallaði boltann inn í teiginn á Gyrði Hrafn Guðbrandsson sem kláraði af ákveðni framhjá markverði Hauka.

Nacho Heras, Árni Elvar Árnason, Stefán Árni Geirsson og Ingólfur Sigurðsson tóku ekki þátt í leiknum í gær vegna meiðsla. Leiknir tefldi fram byrjunarliði með fimm leikmönnum á 2. flokksaldri. Meðalaldur upp á 21,7 ár. Viktor Marel Kjærnested lék sinn fyrsta byrjunarliðsleik fyrir Leikni á Íslandsmóti en þessi ungi sóknarmaður kom frá Aftureldingu í vetur.

Leiknir er um miðja deild með 12 stig eftir 8 leiki þegar þetta er skrifað.



Sævar Atli skoraði bæði mörkin.

Krakkar úr Seljaskóla í Reykjavíkúrvalið

Seljaskóli á nemendur í Reykjavíkúrvali stúlkna í handknattleik. Þetta eru þær Vaka Líf Kristinsdóttir, Dagný Rós Hlynsdóttir, Dána Ásta Guðmundsdóttir og Brynja Dröfn Ásgeirsdóttir.

Tóku þær þátt fyrir hönd Reykjavíkur í Grunnskólamáti höfuðborga Norðurlandanna í

maílok þar sem þær enduðu í 5. sæti. Þær stóðu sig mjög vel á mótinu og hélt liðið áfram að berjast af krafti þrátt fyrir erfiðar viðureignir gegn mjög sterkum liðum. Hákon Dagur nemandi í 8. bekk í Seljaskóla var valin í Reykjavíkúrval í fótbolta.



Seljaskólastúlkurnar í Reykjavíkúrvali í handknattleik.



Hákon Dagur er lengst til vinstri, ásamt félögum sínum úr Breiðholtsskóla.



Tölvur og gögn ehf.

PC & Mac

þekking og reynsla

- ◊ Office 365 þjónusta
- ◊ Gagnabjörgun og afritun
- ◊ Umsjón tölvukerfa
- ◊ Vefsíðugerð og umsjón
- ◊ Tölvuviðgerðir
- ◊ Tölvur og jaðarbúnaður



Parabakki 3, **Mjódd**
109 Reykjavík
Sími: 696-3436
www.togg.is

Frábær árangur hjá Elísabetu Rut

Elísabet Rut Rúnarsdóttir ÍR bætti á dögunum 2 ára gamalt Íslandsmet í sleggjukasti með 4 kg. sleggju (Íslandsmet full-orðinna) þegar hún kastaði 62,16 metra á kastmóti UMSSB á Skallagrímsvelli í Borgarnesi. Elísabet Rut er aðeins 16 ára gömul og bætti hún því um leið aldursflokkamet 16-17 ára, 18-19 ára og 20-22 ára. Fyrra metið var 61,77 metrar sem Vigdís Jónsdóttir FH átti.

Þessi árangur setur Elísabetu í efsta sæti á evrópskri afrekaskrá 18 ára og yngri en næst lengsta kast á hin breska Charlotte Payne sem hefur kastað lengst 61.83 m. Elísabet á einnig annað lengsta kast ársins í heiminum í dag með 3 kg. sleggju í sínum aldursflokki síðan 5. apríl sl. 71,19m en ekki er haldinn listi yfir köst með 4 kg. sleggju. Sú sem lengst hefur kastað, 71,46 m kemur frá Finnlandi og heitir Silja Kosonen.



Elísabet Rut Rúnarsdóttir.

Frábær árangur á Smáþjóðaleikunum

- tíu ÍR-ingar kepptu þar í frjálsíþróttum

Smáþjóðaleikunum í Svartfjallalandi er nú lokið og Ísland og við í ÍR getum gengið mjög sátt frá borði, frábær árangur okkar fólks og gríðarlega gaman að opna tímabilið með þessum flotta árangri, og bætingum á bætingar ofan. Frjálsíþróttasamband Íslands og Íþrótt- og afreksnefnd valdi 22 íþróttamenn til keppni á Smáþjóðaleikunum sem fara fóru í Svartfjallalandi 27. maí til 1. júní. Af þessum 22 íþróttamönnum voru 10 úr ÍR. Alls kepptu tæplega 1000 manns á mótinu og komu frá níu löndum. Flestir þátttakendur voru í frjálsíþróttum, eða 222, en alls var keppt í átta íþróttgreinum.

Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir og Tiana Ósk Whitwort komu sáu og sigruðu í 100m hlaupinu á fyrsta degi Smáþjóðaleikanna. Guðbjörg sigraði á 11,79 sek og Tiana kom fast á hæla henni á 11,88 sek. Þær eiga báðar 11,68 sek frá síðast ári sem eru 2-3. besti tími Íslendinga í 100m kvenna. Þær Guðbjörg Jóna og Tiana héldu uppteknum hætti og tóku gull og silfur í 200m á síðasta keppnisdeginum. Guðbjörg Jóna kom fyrst í mark á 24,26 sek en hún á best 23,74 sek og Tiana varð önnur á 24,52 sek sem er skammt frá hennar besta, 24,21 sek.

Andrea á eftir sigurvegaranum

Andrea Kolbeinsdóttir varð í 3. sæti í 5000m hlaupinu, hljóp á 17:01,65 mín rétt um 6 sek á eftir sigurvegaranum. Hún átti best 17:13 mín frá síðasta ári og er þetta frábær árangur hjá Andreu sem glímt hefur við erfið meiðsli síðan síðasta sumar. Í ljós kom eftir hlaupið að stúlkurnar hlupu einum hring of mikið og því fæst tíminn ekki staðfestur.

Guðni Valur í kúlu og kringlu

Guðni Valur Guðnason hitaði upp fyrir kringlukastið með keppni í kúluvarpi, hann gerði sér lítið fyrir og nældi sér í bronsverðlaun með

kasti upp á 17,93 m sem er fín bæting hjá honum átti best 17,37m. Guðni Valur keppti í kringlukasti, sinni aðalgrein, eftir flotta bætingu í kúlunni. Hann hafnaði í öðru sæti og kastaði 57,64 m sem er nokkuð undir hans getu enda sýndi það sig nýverið þegar hann þeytti kringlunni 64,77 m á móti í Eistlandi sem var frábær opnun. Guðni er að stríða við slæmsku í nára og náði ekki að beita sér að fullu.

Hlynur bætti smáþjóðagulli í safnið

Hlynur Andrésón bætti Smáþjóðagulli í safnið þegar hann sigraði 3000m hindrunarhlaupið á tímanum 8:57,20 mín sem er hans þriðji besti tími frá upphafi en hann á best 8:44,11 mín sem er Íslandsmetið í greininni. Hlynur og silfurverðlaunahafinn voru í nokkrum sérflokk og veittu hvor öðrum verðuga keppni.

Ívar Kristinn Jasonarson, sigraði í 400m grindahlaupi karla á 52,31 sek með yfir 1 sek forskot á næsta mann. Ívar á best 51,76 sek en þetta er hans besta opnun í greininni til þessa. Ívar hljóp síðan mjög vel í 200m varð annar á 21,90 sekúndum sem er ekki langt frá hans besta, 21,74 sek frá því í fyrra.

Tuttugu og sex verðlaun

Aníta Hinriksdóttir hljóp 1500m og hafnaði í öðru sæti rétt innan við sekúndu á eftir sigurvegaranum. Dagbjartur Daði Jónsson átti frábæran dag í spjótkastinu, sigraði glæsilega og bætti sig um liðlega 1,5m með kasti upp á 77,58 m, 5 metrum lengra en næsti maður. Í 10.000 metra hlaupi varð Elín Edda Sigurðardóttir fimmta á 37:26,83 mín í sinni frumraun í 10.000m á og Arnar Pétursson varð þriðji í 10.000m karla. Lið Íslands varð í öðru sæti yfir fjölda verðlauna í frjálsíþróttakeppninni. Níu gull, níu silfur og átta brons. Samtals 26 verðlaun sem er glæsilegt fyrir 21 manna lið.

Grunnskólámót Norðurlandanna

13 ÍR-ingar fulltrúar Reykjavíkur í Stokkhólmi

Grunnskólámót Norðurlandanna fór fram í Stokkhólmi dagana 20. til 24. maí sl. Þar sem samsett lið frá höfuðborgum Norðurlandanna öttu kappi. Keppt var í handbolta, fótbolta og frjálsum íþróttum. Lið Reykjavíkur var skipað 41 keppanda frá tíu félögum og þar af voru 13 fulltrúar frá ÍR.

Knattspyrnulið drengja hafnaði í 2. sæti á mótinu eftir sannfærandi sigur gegn Kaupmannahöfn, Ósló og Helsinki en tapaði að lokum fyrir Stokkhólmi. Handboltalið stúlkna endaði í 5. sæti á mótinu eftir hörkuviðureignir við sterk lið hinna Norðurlandanna. Frjálsíþróttalið stúlkna varð í 3. sæti og frjálsíþróttalið drengja varð í 4. sæti í

stigakeppni frjálsíþróttamótsins.

Á vef ÍBR má finna nánari úrslit mótsins en ÍR-ingarnir stóðu sig með stakri þryði og voru félaginu til sóma innan sem utan vallar. Fulltrúa félagsins má sjá hér að neðan:

Handbolti – Brynja Dröfn Ásgeirsdóttir, Dagný Rós Hlynisdóttir, Díana Ásta Guðmundsdóttir, Vaka Líf Kristinsdóttir.

Fótbolta – Baldur Páll Sævarsson, Hákon Dagur Matthíasson, Huldar Einar Lárusson.

Frjálsar – Dóra Friða Orradóttir, Hildur Magnúsdóttir Eirúnardóttir, Gabriel Ingi Benediktsson, Gunnlaugur Jón Briem, Phanu Prueangwicha, Stefán Gunnar Maack.



Fréttir

Íþróttafélag Reykjavíkur
Skógarseli 12 • Sími 587 7080
Tölvupóstur: ir@ir.is
Heimasíða: ir.is

Ingigerður endurkjörin formaður ÍR

Ingigerður Guðmundsdóttir var endurkjörin formaður ÍR á aðalfundi félagsins sem haldinn var 2. júní sl.

Með henni í aðalstjórn félagsins voru kosin Sigurður Albert Ármannsson, Reynir Leví Guðmundsson, Arndís Ólafsdóttir, Rúnar Valdimarsson, Lisa Björg Ingvarsdóttir og Kristín Steinunn Birgisdóttir. Tvær þær síðastnefndu koma nýjar inn í stjórn og konur því í meirihluta nú í aðalstjórn.

Skráðum iðkendum í þeim tíu íþróttgreinum sem félagið býður upp á fjölgaði á milli ára um 60. Samkvæmt framlögðum ársreikningi var tap á rekstri aðalstjórnar og deilda árið 2018 en reksturinn hefur verið í jafnvægi undanfarin ár. Tap af rekstri aðalstjórnar nam 423.011 kr. Þar sem tekjur voru 145.256.943 kr. og gjöld 145.746.066 kr. Ein deild af átta var rekin réttum megin við núllið og var heildartap aðalstjórnar og deilda samanlagt um 14 milljónir.



Ingigerður Guðmundsdóttir formaður ÍR.

ALLTAF FULLT BORD AF FERSKUM FISKI OG FISKRETTUM

Opið alla virka daga kl. 9 – 18:30.



ÁFRAM ÍR



GETRAUNANÚMER

ÍR ER 109

ALLAR OKKAR PEYSUR ERU PRJÓNAÐAR Á ÍSLANDI

VELJUM ÍSLENSKT



HANDPRJÓNASAMBAND
ÍSLANDS

Skólavörðustígur 19 & Borgartún 31
s: 552 1890
handknitted.is

